

Brenndur á Alþingi gamall maður, [Lassi Diðriksson](#) úr Arnarfirði vestan. Var honum gefið að sök að vera valdur að veikindum [sona séra Páls](#) í Selárdal. Lassi meðgekk aldrei og var settur á bálið án játningar.

Brenndur í Húnavatnspingi [Magnús Bjarnason](#) fyrir galdur. Hann var dæmdur fyrir að bera ábyrgð á sjúkleika Helgu Halldórsdóttur í Selárdal.

Andaðist [Vilhjálmur Arnfinnsson](#) sýslumaður Strandasýslu (kallaður Galdra-Vilki), en Magnús Jónsson á Reykhólum fékk þann sýslupart aftur.

Guðmundur Þórðarson sór tylftareið fyrir galdraáburð Lénharðs Jónssonar.